



Uppgjör 2F 2024

1. ágúst 2024

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Starfsemin á 2F 2024**

- Uppgjör 2F 2024


- Staða og horfur

Helstu niðurstöður á 2F 2024

Vörusala

36,0 ma.kr.


+5,4% milli ára



Framlegð af vörusölu

23,8%


+1,1 p.p. milli ára



Laun/Framlegð af vörusölu

51,3%


-2,0 p.p. milli ára



EBITDA

2.915 m.kr.


+13,8% milli ára



EBITDA/Framlegð af vörusölu

33,9%


+0,9 p.p. milli ára



Handbært fé frá rekstri


3.063 m.kr.

+7,1% milli ára





Fjöldi viðskiptavina og sala á öðrum ársfjórðungi eykst milli ára

■ 2023 ■ 2024



Aukning í innlendri kortaveltu en erlend dregst saman



2023 2024



Lyfja orðin hluti af samstæðu Festi




- ◆ Þann 10. júlí sl. fór fram uppgjör á greiðslu kaupverðs á öllu hlutafé Lyfju hf. til seljanda.
- ◆ Endanlegt kaupverð hlutafjár nam kr. 7.117 millj. kr.
- ◆ Greiðsla var annars vegar með reiðufé að fjárhæð 5.077 millj. kr. og hins vegar í afhendingu 10. millj. hluta í Festi að markaðsvirði kr. 2.040 millj. kr. miðað við dagslokagengið 204 á Nasdaq Iceland þann 10. júlí 2024.
- ◆ Festi tók nýtt lán vegna kaupanna sem eykur skuldsetningu samstæðunnar um 4 ma. kr.
- ◆ Samhliða uppgjörinu tók Hildur Þórisdóttir, starfandi forstjóri og framkvæmdastjóri mannauðssviðs Lyfju, sæti í framkvæmdastjórn Festi.



Festi gerir ráð fyrir að samruni geti skilað 200-400 m.kr. árlegum samlegðaráhrifum

Samnýting rekstrarinnviða



Skýr samlegð í rekstri stoðeininga

Sókn í verslunum



Samnýting verslanahúsnæðis, aukin sala per fm, bílalúgur

Sókn í sölu á netinu



Aukin skalahagkvæmni netverslunar, fjölbreyttara vöruúrval

Sókn í nýrri þjónustu



Frekari útvíkkun í heilsutengdri þjónustu, samanber bólusetningar, heilsufarsskoðun, Lyfja Heyrn, o.fl.



Samstæða og framkvæmdastjórn Festi

REKSTRARFÉLÖG FESTI



Framkvæmdastjóri ELKO
Óttar Örn Sigurbergsson



Framkvæmdastjóri N1
Ásta S. Fjeldsted
(starfandi)



Framkvæmdastjóri Krónunnar
Guðrún Aðalsteinsdóttir



Framkvæmdastjóri Lyfju
Hildur Þórisdóttir
(starfandi)

MÓÐURFÉLAG OG STÖÐFÉLÖG



Framkvæmdastjóri
Bakkans
Eva Guðrún Torfadóttir



Framkvæmdastjóri
Fjármála- og rekstrarsviðs
Magnús Kr. Ingason



Framkvæmdastjóri
Yrkis eigna
Óðinn Árnason

Forstjóri Festi
Ásta S. Fjeldsted



Framkvæmdir hafnar á endurbættri verslun í Lindum



- ♦ **Framkvæmdir eru hafnar af fullum krafti í ELKO Lindum** og er stefnt að því að ljúka verki á haustmánuðum.
- ♦ Raftækjamarkaður dróst saman um 1% á ársfjórðungnum skv. mælingum Meniga en **ELKO var með 2% aukningu**.
- ♦ **Fjórðungurinn sýndi vöxt í bæði vörusölu og þjónustutekjum** milli ára. Aukin áhersla á þjónustu- og tryggingasölu leiddi af sér 47% söluaukningu í vöruflokknum á tímabilinu.
- ♦ **Hlutfall vefverslunar af heildarveltu jókst** milli ára¹ og var **22,4%** á fjórðungnum á móti 21,4% í fyrra.
- ♦ **Sala til fyrirtækja eykst áfram** og var **17%** af heildarveltu á fjórðungnum á móti 16% á fyrra ári.
- ♦ **Ný verslun ELKO í komusal KEF Airport** skilar áfram bættum árangri en **salan jókst um 21%** miðað við sama tímabili í fyrra



Hlutdeild Krónunnar aldrei mælst hærri

- ◆ **Hlutdeild** Krónunnar á dagvörumarkaði aldrei mælst hærri og stendur nú í **38%** skv. markaðskönnun Gallup.
- ◆ **Fjöldi heimsókna eykst um 11% milli ára** og fjöldi seldra stykkja sömuleiðis eða um tæplega 9%.
- ◆ **Velta Snjallverslunar jókst um 35% milli ára – sókn á landsbyggðinni gefur góða raun** og hófust heimsendingar á Austurlandi á fjórðungnum við góðar undirtektir viðskiptavina.
- ◆ **Ódýrt herferðin gengur framur vonum með 19% magnaukningu milli ára á vörum merktum „Ódýrt“** – ódýrustu vörurnar í hverjum vöruflokki eru merktar sérstaklega til að hjálpa viðskiptavinum að taka upplýstar ákvarðanir um hagkvæm innkaup.
- ◆ Vel heppnuð **enduropnun Krónunnar í Grafarholti** með áherslu á gott skipulag, yfirsýn og rýmistilfinningu hefur fengið frábærar viðtökur.
- ◆ **Heillakarfan var kynnt á Iceland Innovation Week** en þetta er ný lausn í Krónuappinu sem er ætlað að skapa jákvæðar venjur í daglegum innkaupum.



Fyrstu bílþvottastöðvarnar teknar í notkun



- ◆ **Ýmir Örn Finnbogason lét af störfum sem framkvæmdastjóri N1.** Starfið verður auglýst til umsóknar og stefnt er á að ráða í stöðuna með haustinu.
- ◆ **Sjálfvirk bílþvotta- og sjálfsafgreiðslustöð með þvottabásum hefur opnað í Mosfellsbæ** og munu sex aðrar staðsetningar bætast við á næstu mánuðum.
- ◆ **Ársfjórðungurinn var sterkur hjá Bílþjónustu N1.** Afköst í dekkjaskiptum jukust um 11% m.v. sama tímabil í fyrra.
- ◆ **Uppbygging hleðslustæða með Tesla heldur áfram.** Tesla hleðslugarður í Keflavík opnar innan skamms. Framkvæmdir hefjast á Blönduósi og við Staðarskála í ágúst.
- ◆ **Afgreiðslufjöldi á þjónustustöðvum dróst saman um 6,9%** miðað við sama tíma í fyrra. **Fækkun erlendra ferðamanna** á milli ára vegur þar þungt ásamt því að **óhagstæð veðurskilyrði drógu úr innlendum ferðalögum.**
- ◆ **Sjálfsafgreiðslukassar** teknir í notkun í Borgarnesi í júní og notkun fyrstu vikunnar í takti við okkar væntingar eða um 15%.
- ◆ **Skyndibitastaðurinn Djúsí breytist í „Nesti - Ferskt & fljótt“.** Áætlað er að umbreytingunni ljúki í byrjun ágúst.






- Starfsemin á 2F 2024
- **Uppgjör 2F 2024**
- Staða og horfur

Rekstur 2. ársfjórðungs 2024


- ◆ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 1,8 ma. kr. eða 5,4% á milli ára.
- ◆ **Framlegð af vörusölu** nam 8.593 millj. kr. Aukningin nam 837 millj. kr. eða 10,8% á milli ára.
- ◆ **Framlegðarstig** nam 23,8% og hækkar um 2,0 p.p. frá fyrsta ársfjórðungi 2024 og hækkar um 1,1 p.p. milli ára.
- ◆ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 4.410 millj. kr., hækkun um 273 millj. kr. eða 6,6% milli ára.
- ◆ **Stöðugildin** voru 1.423 á fjórðungnum, aukning um 62 eða 4,5% á milli ára.
- ◆ **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 219 millj. kr. eða 13,9% milli ára.
- ◆ **EBITDA** nam 2.915 millj. kr. á öðrum ársfjórðungi 2024, hækkun um 354 millj. kr. eða 13,8% milli ára.
- ◆ **Hagnaður tímabilsins** nam 953 millj. kr. og hækkar um 215 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	2F 2024	2F 2023	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	36.037	34.199	1.838	5,4%
Framlegð af vörusölu	8.593	7.756	837	10,8%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	527	518	9	1,7%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(4.410)	(4.138)	(273)	6,6%
Annar rekstrarkostnaður	(1.794)	(1.575)	(219)	13,9%
EBITDA	2.915	2.562	354	13,8%
EBIT	1.932	1.703	230	13,5%
EBT	1.169	905	264	29,1%
Hagnaður tímabilsins	953	738	215	29,1%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	33,9%	33,0%	+0,9 p.p.	2,7%
Laun/framlegð af vörusölu	51,3%	53,3%	-2,0 p.p.	-3,8%
Hagnaður á hlut	3,16	2,43	0,74	30,3%


Vörusala



Framlegð af vörusölu




EBITDA




Ytri áhrifapættir 2F 2024

- ♦ **Þróun verðlags, launa og vaxtastigs**
 - ♦ **Hækkun launavísitölu sl. 12 mánuði nam 6,0%.** Launavísitalan mældist 1.006,7 í lok fjórðungsins samanborið við 949,7 í lok annars fjórðungs 2023.
 - ♦ **Hækkun neysluverðsvísitölu sl. 12 mánuði nam 5,8%.** Neysluverðsvísitala mældist 630,3 í lok fjórðungsins samanborið við 595,6 í lok annars fjórðungs 2023.
 - ♦ **Hækkun stýrivaxta Seðlabankans sl. 12 mánuði nam 50 p.p.** Stýrivextir voru 9,25% í lok fjórðungsins samanborið við 8,75% í lok annars fjórðungs 2023.

Verðbólga og vísitala launa (ársbreyting)



Stýrivextir Seðlabanka Íslands




Ytri áhrifapættir 2F 2024


- ◆ Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli ára:
 - ◆ **Gasolía lækkaði um 4,8% á 2F 2024** en lækkaði um 7,0% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 8,2% hærra milli ára.
 - ◆ **Bensín lækkaði um 11,0% á 2F 2024** en lækkaði um 10,2% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 1,9% hærra milli ára.

- ◆ Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 2F 2024:
 - ◆ **USD veiktist** um 0,4% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi nam 3,7%.
 - ◆ **EUR veiktist** um 1,0% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi nam 1,6%.

Verðþróun á Mogas 95 og Dísel




Þróun á gengi gjaldmiðla




Framlegð af vörusölu á 2. ársfjórðungi

- ♦ **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum nema öðrum vörum og þjónustu frá fyrra ári. **Framlegðarstig hækkar** í öllum flokkum.
- ♦ **Heildarframlegð** nam 8.593 millj. kr. og eykst um 10,8% frá fyrra ári.
- ♦ **Framlegðarhlutfallið á 2F 2024 var 23,8%**, hækkar um 2,0 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og hækkar um 1,1 p.p. frá síðasta ári.
- ♦ **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 12,1% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn** eykst um 20,7%, **raftæki** aukast um 4,9% og **aðrar vörur** lækka um 2,4% milli ára.


Framlegð af vörusölu




Dagvara




Eldsneyti og rafmagn



Raftæki





Aðrar vörur og þjónusta



Laun og starfsmannakostnaður á 2F 2024

- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 4.410 millj. kr. og hækkar um 272 millj. kr. eða 6,6% á milli ára.
- ♦ **Stöðugildum** fjölgar um 62 milli ára og nemur hækkunin um 166 millj. kr.
 - ♦ Nýtt verkstæði á Flugvöllum, ný verslun Ísey á Granda, aukning tengd útrás Snjallverslunar, minnkun yfirvinnu með fjölgun stöðugilda ásamt auknum umsvifum skýra aukninguna milli ára.
- ♦ **Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana** nemur 156 millj. kr. milli ára.
- ♦ **Hækkun milli ára** nemur 4,1% án áhrifa aukningar í stöðugildum og einkisáhrifa vegna starfslokasamninga á fjórðungnum í fyrra.

Laun og starfsmannakostnaður 2F 2023	4.138
Stöðugildi - breyting	166
Samningsbundnar launahækkunar	156
Orlofsskuldbinding	-21
Aðrar breytingar	-29
Laun og starfsmannakostnaður 2F 2024	4.410



N1 - Helstu niðurstöður á 2F 2024

- Tekjur námu 14.258 millj. kr., minnkun um 58 millj. kr. eða 0,4% á milli ára.
- Sala eldsneytis og rafmagns eykst um 361 millj. kr. eða 3,7%. Salan nam 55,3 millj. lítrum sem er 2,6% aukning frá síðasta ári. Ágæt magnaukning var í flestum tegundum.
- Framlegð eldsneytis og rafmagns hækkar um 324 millj. kr. eða 20,7% en lækkar í öðrum vörum og þjónustu um 26 millj. kr. eða 2,4% milli ára.
- EBITDA nam 1.209 millj. kr. sem er hækkun um 120 millj. kr. eða 11,1% á milli ára.
- Hagnaður á fjórðungnum var 220 millj. kr., og hækkar um 129 millj. kr á milli ára.



Afgreiðslustaðir eldsneytis



Hjólbarða og smurverkstæði



Afgreiðslustaðir rafhleðslu

	2F 2024	2F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	14.258	14.316	(58)	-0,4%
Heildargjöld	(13.049)	(13.228)	178	-1,3%
EBITDA	1.209	1.088	120	11,1%
EBITDA-hlutfall	8,5%	7,6%	+0,9 p.p.	11,5%
EBIT	495	377	118	31,3%
EBIT-hlutfall	3,5%	2,6%	+0,8 p.p.	31,8%
Hagnaður	220	91	129	141,0%



Krónan - Helstu niðurstöður á 2F 2024

- Tekjur 18.063 millj. kr., hækkun um 1.885 millj. kr. eða 11,7% á milli ára.
- Sami fjöldi verslana en nýir staðir opna í Snjallverslun milli ára.
- Framlegðarstig hækkar vegna ýmissa aðgerða sem hafa skilað góðum árangri á kostnaðarhliðinni.
- EBITDA 1.376 millj. kr., sem er hækkun um 227 millj. kr eða 19,8% á milli ára.
- Hagnaður nam 553 millj. kr. sem er hækkun um 139 millj. kr. eða 33,5% á milli ára.



27
Matvöruverslanir



Fyrsta verslunarkeðjan á Íslandi með svansvottun



7 ár
Ánægðustu viðskiptavinir á matvörumarkaði


	2F 2024	2F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	18.063	16.178	1.885	11,7%
Heildargjöld	(16.687)	(15.029)	(1.658)	11,0%
EBITDA	1.376	1.149	227	19,8%
EBITDA-hlutfall	7,6%	7,1%	+0,5 p.p.	7,3%
EBIT	753	619	133	21,5%
EBIT-hlutfall	4,2%	3,8%	+0,3 p.p.	8,8%
Hagnaður	553	414	139	33,5%

ELKO - Helstu niðurstöður á 2F 2024

- Tekjur 4.515 millj. kr., aukning um 102 millj. kr. eða 2,3% á milli ára.
- Aukning veltu í öllum verslunum milli ára nema Granda og Lindum.
- Ný endurbætt verslun á Keflavíkurflugvelli fer vel af stað, aukningin nemur 21% milli ára.
- Framlegðarstig hækkar frá síðasta ársfjórðungi og á milli ára.
- EBITDA 348 millj. kr. sem er minnkun um 32 millj. kr. eða 8,5% á milli ára.
- Hagnaður nam 124 millj. kr. sem er lækkun um 45 millj. kr. eða 26,5% milli ára.



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvogin 2023



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

	2F 2024	2F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	4.515	4.413	102	2,3%
Heildargjöld	(4.167)	(4.033)	(134)	3,3%
EBITDA	348	380	(32)	-8,5%
EBITDA-hlutfall	7,7%	8,6%	-0,9 p.p.	-10,5%
EBIT	196	242	(46)	-19,2%
EBIT-hlutfall	4,3%	5,5%	-1,2 p.p.	-21,0%
Hagnaður	124	168	(45)	-26,5%

Yrki - Helstu niðurstöður á 2F 2024


83

Fasteignir í eigu samstæðunnar


99%

Húsnæðis í útleigu


90%

Eigin not húsnæðis


- Allur fasteignarekstur samstæðunnar færður undir Yrki frá 1. janúar 2024 sem gera samanburð við sama tímabil erfiðan.
- Tekjur 1.066 millj. kr., aukning um 605 millj. kr. eða 131,2% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna (NOI) 918 millj. kr. en var 979 millj. kr. fyrir alla samstæðuna á 2F 2023.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu nemur 99% og hækkar um 1 prósentustig milli ára.
- EBITDA nam 846 millj. kr. og hagnaður tímabilsins 50 millj. kr.

	2F 2024	2F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	1.066	461	605	131,2%
Heildargjöld	(219)	(100)	(120)	120,4%
EBITDA	846	361	485	134,2%
EBITDA-hlutfall	79,4%	78,4%	+1,0 p.p.	1,3%
EBIT	504	368	137	37,2%
EBIT-hlutfall	47,3%	79,8%	-32,4 p.p.	-40,7%
Hagnaður	50	68	(18)	-26,7%


Efnahagsreikningur 30.06.2024

Milljónir króna	30.6.2024	31.12.2023	Breyt.	%
Viðskiptavild	14.842	14.842	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.245	4.260	(15)	-0,4%
Rekstrarfjármunir	35.820	35.779	41	0,1%
Leigueignir	8.571	8.097	474	5,9%
Fjárfestingarfasteignir	6.914	6.647	267	4,0%
Eign í hlutdeildarfélögum	2.534	2.621	(87)	-3,3%
Eign í öðrum félögum	14	14	0	0,0%
Langtímakröfur	45	145	(100)	-68,9%
Fastafjármunir alls	72.985	72.405	581	0,8%
Birgðir	13.259	13.557	(299)	-2,2%
Viðskiptakröfur	6.316	5.985	331	5,5%
Aðrar skammtímakröfur	974	723	251	34,7%
Handbært fé	3.395	3.362	33	1,0%
Veltufjármunir alls	23.944	23.627	316	1,3%
Eignir samtals	96.929	96.032	897	0,9%

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða




- ♦ Heildareignir námu **96.929 millj. kr. og hækka um 897 millj. kr. frá áramótum.**
- ♦ Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir **hækka um 308 millj. kr.**
- ♦ Vörubirgðir **lækka um 299 millj. kr.** frá áramótum vegna **aukinna umsvifa í dagvöru.**
- ♦ Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur **hækka um 582 millj. kr. frá áramótum.**
- ♦ **Handbært fé 3.395 millj. kr. í lok fjórðungs** sem er 33 millj. kr. hækkun frá áramótum.


Efnahagsreikningur 30.06.2024

Milljónir króna	30.6.2024	31.12.2023	Breyt.	%
Eigið fé	36.105	35.842	263	0,7%
Skuldir við lánastofnanir	26.161	26.681	(520)	-1,9%
Leiguskuldir	8.233	7.793	440	5,6%
Tekjuskattskuldbinding	6.430	6.185	245	4,0%
Langtímaskuldir alls	40.824	40.659	165	0,4%
Skuldir við lánastofnanir	1.816	1.807	9	0,5%
Leiguskuldir	963	859	104	12,1%
Viðskiptaskuldir	10.041	9.760	281	2,9%
Aðrar skammtímaskuldir	7.179	7.104	75	1,1%
Skammtímaskuldir alls	20.000	19.531	469	2,4%
Skuldir og eigið fé alls	96.929	96.032	897	0,9%

Nettó vaxtaberandi skuldir



Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA




- ♦ **Eiginfjárhluftfall 37,2%** í lok tímabilsins.
- ♦ Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir **hækka um 356 millj. kr.**, þar af viðskiptaskuldir um 281 millj. kr.
- ♦ **Nettó vaxtaberandi skuldir** námu 33.779 millj. kr. og **hækka um 1 millj. kr. frá áramótum.**
- ♦ Fjármagnsskipan samstæðunnar er **í takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.**

Sjóðstreymi samstæðunnar á 2F 2024

- ◆ **Handbært fé frá rekstri nam 3.063 millj. kr. og hækkar um 204 millj. kr. milli ára.**
- ◆ **Fjárfestingar námu 956 millj. kr. á 2F 2024, aukning um 242 millj. kr. milli ára.**
- ◆ **Afborganir af lánum og leiguskuldum námu 1.160 millj. kr.**
- ◆ **Hækkun handbærs fjár á 2F 2024 nam 434 millj. kr.**

Milljónir króna	2F 2024	2F 2023	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	2.961	1.823	1.138	62,4%
Handbært fé frá rekstri	3.063	2.859	204	7,1%
Fjárfestingar	(956)	(714)	(242)	33,9%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	427	383	43	11,3%
Viðskipti við hluthafa	(904)	(914)	10	-1,1%
Viðskipti við lánastofnanir	(1.155)	(1.104)	(51)	4,7%
Gengismunur af handbæru fé	(41)	(9)	(32)	373,0%
Handbært fé í lok tímabils	3.395	2.326	1.069	46,0%






- Starfsemin á 2F 2024
- Uppgjör 2F 2024
- **Staða og horfur**

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX

Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	11,6
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	11,3
Gildi - lífeyrissjóður	9,7
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	9,2
Birta lífeyrissjóður	5,1
Stapi lífeyrissjóður	4,8
Almennir lífeyrissjóðurrinn	4,8
Frjálsir lífeyrissjóðurrinn	3,3
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,1
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	3,0

Markaðsupplýsingar	30.6.2024	31.12.2023	Breyting
Útistandandi hlutir	301 m.	301 m.	0,0%
Verð í lok tímabils	204 kr.	205 kr.	-0,5%
Markaðsvirði	61.456 m.kr.	61.757 m.kr.	-0,5%
Velta 12m	17.981 m.kr.	22.781 m.kr.	-21,1%
Fjöldi hluthafa	1.172	1.191	-1,6%



Helstu atriði og horfur árið 2024

Helstu atriði:

- ♦ **Rekstur fjórðungsins gekk ágætlega** og var niðurstaðan í samræmi við áætlanir félagsins.
- ♦ **Vörusala fjórðungsins jókst** um 5,4% og framlegð af vörusölu um 10,8%.
- ♦ **Rekstrarkostnaður hækkar á sama tíma um 8,6%**.
- ♦ **Mikill fókus áfram á framlegð, hagræðingu í rekstri og lækkun rekstrarkostnaðar.**
- ♦ **Lyfja kemur inn í samstæðuna frá 1. júlí 2024. Gerum ráð fyrir að samlegðaráhrifin muni nema 200-400 millj. kr. á ári.**
- ♦ **Undirbúningur sölumeðferðar ODR, EBK og EAK á lokastigum. Gert ráð fyrir að kynningar fyrir mögulegum fjárfestum hefjist á 3F 2024.**

Afkomuspá og fjárfestingaspá ársins 2024

- ♦ **Lyfja kemur inn í samstæðuna frá 1. júlí. EBITDA spá Festi fyrir árið 2024 hækkuð um 800 millj. kr. og nemur 12.300 – 12.700 millj. kr.**
- ♦ **CAPEX spá Festi fyrir árið 2024 nemur 4.400 – 4.800 millj. kr.**

Forsendur og áhætta:

- ♦ Áhrif stýrivaxtahækkana á hagkerfið í heild.
- ♦ Áhrif stríðsátaka á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara.
- ♦ Há verðbólga og gengi íslensku krónunnar.
- ♦ Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.



Takk fyrir

◆ Fyrirvarar

- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- ◆ Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- ◆ Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- ◆ Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- ◆ Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

